

171. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

11. maí 2009, kl. 13:00 að Austurvegi 56

Mætt: Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Svarbréf frá Sveitarfélaginu Ölfus.

Lagt fram til kynningar. Ölfus hafnar hugmynd Sorpstöðvarinnar um frekari framlengingu á urðun í Kirkjuferjuháleigu. Ljóst er að frá og með 1. desember nk þarf því að flytja sorp út fyrir starfsvæði Sorpstöðvar Suðurlands, náist samningar þar um. Framkvæmdastjóra falið að ljúka samningi við Sorpu á grundvelli þeirra samningsdraga sem kynnt hafa verið.

2. Umhleðslu- og flokkunarstöð.

Stjórn samþykkir að boða til aukaáðalfundar 3. júní kl 15:00. Á fundinum verður tekin fyrir tillagan „ Aðildarsveitarfélög Sorpstöðvar Suðurlands bs. samþykkja að Sorpstöð Suðurlands bs. byggji umhleðslu- og flokkunarstöð ásamt því að kaupa tilskyldan búnað til rekstur slíkrar stöðvar samanber tillögur sem kynntar voru aðildarsveitarfélögunum 3. mars 2009.

Jafnframt skuldbinda aðildarsveitarfélögin sig til þess að skila því sorpi og endurvinnanlegum efnum sem þau hafa umráð yfir inn í umhleðslu- og flokkunarstöðina. „

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands hvetur sveitarfélögin til að samþykkja framlagða tillögu.

3. Önnur mál

- a. Kynningarfundur um áherslur í úrgagnsmálum.
Framkvæmdastjóra falið að finna nýja dagsetningu.